

byggingu og aðstöðu fyrir útivist og hestamennsku. Sunnan þjóðveggar er gert ráð fyrir athafnasvæði á 15 lóðum.

- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu sem gerir ráð fyrir níu frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag frístundabyggðar við Kálfá sem gerir ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag byggðar í Árnesi sunnan þjóðveggar 32 þar sem gert er ráð fyrir 10 íbúðarhúsalóðum á stærðarbilinu 33.210 m² - 82.000 m².

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og tekur þegar gildi.

Árnesi, 6. mars 2003.

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrír:

- | | | | |
|----------------------------|-----|------|----------------|
| a) Almennur úrgangur | kr. | 2,25 | pr. kg án vsk. |
| b) Slátur- og fiskúrgangur | kr. | 3,50 | pr. kg án vsk. |
| c) Timbur | kr. | 1,50 | pr. kg án vsk. |

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. apríl 2003.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarráði 12. desember 2002 og í bæjarstjórn 17. desember 2002. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá á fundi sínum 10. mars 2003.

Akureyri, 17. mars 2003.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.